

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Framsóknar og Viðreisnar.

Reykjavík, 15. júní 2026
SFS26060089

TILLAGA

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um endurskoðun reglna um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að leggja fram tillögur um breytingar reglum um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar, með sérstakri áherslu á að auðvelda þeim sem reka íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf að kynna starfsemi sína og æfingatíma í grunnskólum borgarinnar. Samhliða verði horft til þess að efla samstarf skóla við íþrótt-, æskulýðs- og tómstundaaðila. Tillögur skulu liggja fyrir eigi síðar en 31. ágúst 2026.

Greinargerð

Reglur um [kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi voru samþykktar í borgarráði þann 3. mars 2016.](#)

Æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarf er mikilvæg fyrir börn og ungmenni í Reykjavík. Mikilvægi þess hefur aukist síðustu ár með tilkomu tækninnar og aukinna stafrænna samskipta. Að auki hefur fjöldi barna með erlendan uppruna aukist töluvert síðastliðin ár og ein besta leiðin til þess að koma þeim og foreldrum þeirra inn í samfélagið og tungumálið er í gegnum íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarf.

Veita þarf þeim sem sinna íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfi tækifæri til að kveikja neistann hjá börnum og ungmennum og kynna starfið sitt. Ábendingar hafa borist um að ekki sé nægilega opið fyrir kynningar á slíku starfi í grunnskólum borgarinnar og er því lagt til að reglurnar verði endurskoðaðar með það fyrir augum að opna á frekari kynningar á æskulýðs-, íþrótt- og tómstundastarfi. Markmið tillögunnar er að styðja við þátttöku barna í fjölbreyttu frístundastarfi með aukinni vitundarvakningu um hvað stendur þeim til boða, án þess að opna fyrir óheftar auglýsingar eða bjóða upp á óhóflegt rask skólustarfi.